

**Bergur Ebbi – Lífsverk stjórnarkjör, apríl 2022**  
**Æviágrip og stefnumál**



Bergur Ebbi er fæddur 1981 og starfar sem fyrirlesari, rithöfundur og listamaður. Bergur Ebbi er lögfræðingur frá Háskóla Íslands frá 2007, með próf til að öðlast málfutningsréttindi fyrir héraðsdómi frá Lögmannafélagi Íslands 2011, auk MDes gráðu í framtíðar- og nýsköpunarfræðum frá Ontario College of Art and Design (OCAD University) í Toronto frá 2015.

Bergur Ebbi er alþjóðlegur fyrirlesari með tveggja áratuga reynslu af opinberri framkomu og álitsgjöf. Hefur hann flutt erindi við erlendar fræðistofnanir og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Byr hann yfir innlendu og alþjóðlegu tengslaneti í heimi lista, stjórn mála, fjölmiðlunar og viðskipta. Útgefin verk Bergs Ebba eru meðal annars bækurnar Stofuhiti (2017) og Skjáskot (2019) ásamt ljóðabókum, leikritum, tónverkum og ýmsum verkum fyrir útvarp og sjónvarp.

Bergur Ebbi hefur um árabíl flutt erindi um framtíðargreiningu- og stefnumótun og leitt vinnustofur á sviði stefnumótunar fyrir bæði stofnanir og fyrirtæki auk þess að sitja í ýmsum stjórnnum og ráðum, meðal annars í stjórn Almennaróms frá 2019-2021 og sem varaformaður stjórnar UN Women á Íslandi. Bergur Ebbi hefur verið sjóðsfélagi í Lífsverk lífeyrissjóði frá 2009 og hefur setið sem varamaður í stjórn frá árinu 2019. Hann sat sem varamaður í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkur frá 2011 til 2014.

Með framboði sínu til stjórnar Lífsverks lífeyrissjóðs vill Bergur Ebbi nýta þekkingu sína og tengslaneti til að veita sjóðnum breiðari skírskotun, bæði með tilliti til vannýttra tækifæra í endurnýjun sjóðsfélaga og einnig með því að veita lengri og víðari sýn inn í framtíðina.

Lífsverk getur gert sig mun samkeppnishæfari fyrir ungt, háskólamenntað fólk úr margvíslegum greinum. Það verður sífellt algengara að fólk hafi fjölþættan menntunarbakgrunn og komi víða við á sínum starfsferli. Lífsverk ætti að koma til móts við slíkt fólk, en eins og staðan er í dag gerir sjóðurinn ekki nóg til að skera sig frá öðrum lífeyrissjóðum. Þá stendur vinnumarkaðurinn í heild frammi fyrir stórum hreyfiöflum líkt og sjálfvirknivæðingu, fjarvinnu, breyttri aldursamsetningu og gerbreyttu gildismati sem hefur áhrif á starfsemi lífeyrissjóða til lengri tíma. Nauðsynlegt er að rödd sem hefur skilning á þessum þáttum fái að heyrast á vettvangi félagsins.